

34. tbl.

6. okt. 2021

28. árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2021. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið hlynur@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi 8. nóvember nk.

Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2021. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið hlynur@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi 8. nóvember nk.

Reglur um úthlutun má finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar og við minnum fyrri styrkþega á að skila inn greinargerð um framgang verkefna og ráðstöfun styrkja.

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar



Störf laus til umsóknar **Kennsluráðgjafi – Skólaþjónusta Norðurlands**

Skólaþjónusta Norðurlands veitir leik- og grunnskólum í Norðurlandi, Skútustaðahreppi og Langanesbyggð

skólaþjónustu samkvæmt 40. grein laga um grunnskóla og reglugerð 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Megin viðfangsefni þjónustunnar er að styrkja skóla og starfsemi þeirra með ráðgjöf og stuðningi við þróun skólustarfs, kennslu- og nemendaráðgjöf, skimunum, greiningum, og eftirfylgni. Heildarfjöldi nemenda á þjónustusvæði Skólaþjónustu Norðurlands er um 650.

Starfslýsing

80-100% starf kennsluráðgjafa við Skólaþjónustu Norðurlands er laust til umsóknar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi.

Helstu viðfangsefni kennsluráðgjafa er að styðja kennara og starfsfólk menntastofnana sveitarfélagsins við að innleiða skólastefnu sveitarfélagsins og þar með menntastefnu ríkisins.

Kennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf, handleiðslu og stuðningi við kennara og annað starfsfólk skólanna á þjónustusvæði sveitarfélagsins. Kennsluráðgjafi vinnur ásamt öðrum sérfræðingum skólaþjónustunnar og starfsfólki skólanna að því að bæta almennt gæði náms, kennslu og uppeldisstarfs með það markmið að komið verði betur til móts við þarfir allra barna í hvetjandi, persónumiðuðu og skemmtilegu námsumhverfi.

Kennsluráðgjafi vinnur með gæðaráðum skólanna að kerfisbundnum umbótum í samræmi við umbótaáætlanir, aðallega er varða nám og kennslu í grunnskólum og uppeldisstarf á leikskólastigi. Mikilvægt er að ávallt sé unnið að ákveðnum markmiðum með viðmiðum um árangur sem fylgt er eftir kerfisbundið og skráð með skýrum hætti.

Leitað er að kennsluráðgjafa sem hefur metnað og býr yfir hæfni til að efla og bæta öflugt og metnaðarfullt skólustarf í samvinnu við annað starfsfólk Skólaþjónustu Norðurlands, starfsfólk skólanna, foreldra og nemendur. Leitað er eftir kennsluráðgjafa sem hefur sterka og faglega sýn á starfsemi leik- og grunnskóla.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennsluréttindi í leik- og grunnskóla er skilyrði.
- Víðtæk reynsla af kennslu í leik- og/eða grunnskóla er skilyrði.
- Þekking og reynsla af fjölbreyttum uppeldis- og kennsluaðferðum er skilyrði.
- Reynsla af kennsluráðgjöf við leik- og grunnskólakennara er kostur.
- Reynsla af samþættingu námsgreina, leiðsagnarnámi og hæfnimiðuðu námsmati er kostur.
- Reynsla og þekking af innra mati er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Þekking og/eða reynsla af uppeldisstefnunni *Jákvæður agi* er kostur.
- Góð tölvukunnátta er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskiptahæfni er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með 22. október 2021.

Umsóknnum skal skila á rafrænu formi til fræðslufulltrúa Norðurlþings á netfangið jon@nordurthing.is.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Norðurlþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík í síma 464 6100 eða með fyrirspurnum á netfangið nordurthing@nordurthing.is

Norðurlþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi miklum og sköpunarkrafti manns og náttúru.

Er kominn tími á viðhald?

Getum bætt við okkur verkefnum í vetur.
Eydis Kristjánsdóttir húsasmiður hefur hafið störf hjá okkur.
Seljum málningu frá Slippfélaginu á góðum kjörum.

Sæmundur Þór Sigurðsson málarameisteri
Snow Dogs ehf, Vallholti.
Sími 840 6466, info@snowdogs.is

Messa og sunnudagaskóli Grenjaðarstað

Messa og sunnudagaskóli, undir stjórn Toru Katinku Bergeng,
verða á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag
10. október kl. 11:00.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.

Aðalsafnaðarfundur Hálssóknar 12 október 2021

haldin á Illugastöðum kl. 20:00

Dagskrá :

- fundarsetning
- lesin síðasta fundargerð
- skýrsla sóknarinnar
- reikningar
- kosningar
- kosningar tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- kirkjugarður á Hálsi
- önnur mál

Sóknarnefnd: Sigurlína, Nanna, Hlíf

Aðalfundur kirkjukórs Grenjaðarstaðarkirkju

verður haldinn í safnaðarheimilinu á Grenjaðarstað
mánudaginn 11. október kl. 20.00

Venjuleg aðalfundarstörf. Þar á meðal kosning stjórnar.
Þar sem kórinn er orðinn leiðinlega fámennur, þarf hann
lífsnauðsynlega á nýju blóði að halda. Allir sem vettlingi valda og lagi
halda eru eindregið hvattir til að mæta. Óþarft er að taka fram að
félagsskapurinn er einstaklega skemmtilegur, svo enginn þarf að sjá
eftir að taka þátt í starfinu.

Stjórnin.